

19

16. maí

RÍKISSTJÓRAÚRSKURÐUR

um breytingu um stundarsakir á konungsráðgjörð 29. des. 1924, um skipun og skiptingu starfa ráðherra o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég hér með samkvæmt tillögu forsætisráðherra set eftirfarandi ákvæði:

Auk þeirra mála, sem samkvæmt konungsráðgjörð frá 29. desember 1924 heyra undir forsætisráðherra, fer forsætisráðherra Ólafur Thors einnig með utanríkismál, landbúnaðarmál, vegamál, útvegs- og siglingamál önnur en sildarútvegs- mál og strandferðamál, svo og útflutningsverzlunarmál, þar undir útflutnings- nefnd.

Jakob Möller fer með fjármál ríkisins, skattamál, tollamál og önnur þau mál, sem samkvæmt konungsráðgjörð 29. desember 1924 heyra undir fjármálaráðherra og ekki er í þessum úrskurði ákveðið, að falin verði öðrum ráðherrum. Enn fremur bæjar- og sveitarstjórnarmál, tryggingamál, heilbrigðismál, dómsmál og önnur þau mál, sem samkvæmt tédum konungsráðgjörð heyra undir dóms- og kirkjumálaráðherra, og ekki er í þessum úrskurði ákveðið, að falin verði öðrum ráðherrum.

Magnús Jónsson fer með póstmál, símamál og loftskeytamál, vatnamál, iðnaðarmál, strandferðamál, verzlunarmál, önnur en útflutningsverzlun, sildarút- vegsmál, þar undir sildarverksmiðjur ríkisins og sildarútvegsnefnd og önnur þau mál, sem í tédum konungsráðgjörð eru falin atvinnu- og samgöngumálaráðherra og ekki er í þessum úrskurði ákveðið, að falin verði öðrum ráðherrum. Enn fremur bankamál og sparisjóðsmál, gjaldeyrismál, kirkju- og kennslumál.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

20

20. maí

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrsta og önnur málsgrein 6. gr. laganna hljóði þannig:

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr. og í a- og c-lið 3. gr., reiknast þannig: